

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-9/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á skóm, sem hún keypti í ver sluninni Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13. febrúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 18. febrúar. Með bréfi, dags. 25. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 11 mars. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 20. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 25. janúar 2014 keypti álitsbeiðandi skó af seljanda fyrir kr. 10.995. Segir álitsbeiðandi að eftir viku notkun hafi litur skóna máðst af hluta þeirra, þ.e. á fremri hluta skónna beggja, innanverðum. Segist álitsbeiðandi hafa farið með skóna til skósmiðs sem hafi sagt henni að ekki væri hægt að gera við skóna. Í kjölfarið segist álitsbeiðandi hafa rætt við seljanda og óskað eftir því að fá nýja skó afhenta eða hina gömlu endurgreidda. Var þeirri ósk hafnað. Leitaði álitsbeiðandi í kjölfarið til kæruneftndarinnar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni eru ljósmyndir af umræddum skóm, þar má sjá að litur þeirra hefur máðst af að hluta.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi fari eftir settum reglum í þeim tilvikum sem viðskiptavinir kvarti undan galla. Í þeim tilvikum séu þær vörur sem kvartað sé undan sendar til fagaðila sem meti hvort þær séu haldnar galla. Segir seljandi að skór álitsbeiðanda hafi verið sendir skósmið í A sem hafi talið að skórnir væru ekki haldnir galla, þar sem efnið utan á skónum hefði máðst af vegna núnings, líklega vegna þess að notandi skónna reki þá saman við notkun. Því hafi skósmiðurinn talið að ástand skóna væri ekki á ábyrgð seljanda. Þá segist seljandi hafa selt samskonar skó allan liðinn vetur, án þess að undan þeim væri kvartað. Að lokum segir seljandi að álit skósmiðsins hafi verið skriflegt og að seljandi geti nálgast afrit af álitinu, en álitsbeiðandi sé hins vegar með frumritið undir höndum.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um

lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi skópar hinn 25. janúar sl., af seljanda fyrir kr. 10.995. Við notkun máðist hluti af ytra byrði skónna af. Kvartaði álitsbeiðandi undan galla við seljanda um viku eftir að kaupin fóru fram og krafist riftunar. Seljandi hefur hafnað kröfum álitsbeiðanda á þeim forsendum að ástand skónna megi rekja til álitsbeiðanda sjálfrar og notkunar hennar á skónum, enda hafi það verið staðfest af skósmiði.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Kærunefndin telur engan vafa um að hinir umþrættu skór séu, hlutlægt séð, haldnir galla í skilningi framangreindra lagaákvæða. Í 2. mgr. 18. gr. laganna er að finna reglu um sönnunarbyrði í neytendakaupum, en þar segir m.a.: „Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda“. Samkvæmt þessu hvílir það á seljanda að sýna fram á að varan hafi ekki verið haldin galla við afhendingu. Það hefur seljandi ekki gert, heldur aðeins vísað til þess að skoðun skósmiðs hafi leitt í ljós að skórnir væru ekki gallaðir, án þess að framvísa nokkrum gögnum fullyrðingum sínum til stuðnings. Telur kærunefndin því að líta verði á sem svo á hinir umþrættu skór hafi verið haldnir galla.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að kaupunum verði rift skv. 32. gr. laganna. Í 32. gr. segir að í stað afsláttar, geti neytandi krafist riftunar nema galli sé óverulegur. Verður því ekki fallist á riftun nema að skórnir séu haldnir verulegum galla. Á það getur kærunefndin hins vegar ekki fallist. Af því leiðir að kærunefndin telur að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti skv. 31. gr. laganna. Skórnir sem um ræðir eru haldnir útlitsgalla, nokkuð verulegum. Er því rétt að álitsbeiðandi fái sem nemi kr. 4.000 í afslátt af kaupverði skónna.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 4.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir